



Jafnlaunastefna Landgræðslunnar

Jafnlaunastefna þessi tekur til Landgræðslunnar og og allra starfsmanna hennar. Hún kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki Landgræðslunnar þau réttindi sem kveðið er á um í 19. grein jafnréttislaga nr. 10/2008. Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu Landgræðslunnar.

Landgræðalan greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa og tekur mið af þeim kröfum sem störf gera um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Forsendur launaákvarðana eru að þær séu í samræmi við kjara- og stofnanasamninga og launastefnu Landgræðslunnar, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Jafnlaunastefna er hluti af jafnréttisáætlun Landgræðalunnar þar sem sérstaklega eru settar fram aðgerðir til að tryggja launajafnrétti. Þar segir að við ákvörðun launa skuli kynjum ekki mismunað. Einstaklingar skulu fá greitt fyrir störf sín út frá verðmæti þeirra óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Til þess að fylgja eftir jafnlaunastefnu Landgræðalunnar skuldbindur hún sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85 og öðlast vottun í samræmi við lög 56/2017 um jafnlaunavottun.
- Framkvæma árlega launagreiningu
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Árlega skal fara fram innri úttekt og rýni stjórnenda.
- Fylgja lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta árlega af yfirstjórn að þeim sé hlítt.
- Kynna árlega niðurstöður launagreininga og jafnlaunastefnu fyrir starfsmönnum stofunarinnar. Stefnan skal einnig vera aðgengileg á vef Landgræðslunnar

Samþykkt af yfirstjórn 25. nóv. 2019